

Húnaþing vestra
Hvammstangabraut 5
530 Hvammstangi

Reykjavík 7. desember 2018
UST201810-282/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag fyrir Flatnefsstaði á Vatnsnesi í Húnaþingi Vestra

Vísað er til erindis sveitarstjórnar Húnaþings Vestra er barst 30. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að deiliskipulagi fyrir Flatnefsstaði á Vatnsnesi í Húnaþingi Vestra.

Tillagan sem hér um ræðir gerir ráð fyrir allt að 150 m² þjónustuhúsi fyrir ferðamenn, aðkomuvegi og bílastæði göngustíg og stikuðum leiðum ásamt selaskoðunarstöðum og áningará- og útsýnisstöðum á völdum stöðum.

Einnig er sagt í greinargerð að í deiliskipulagi er sérstök áhersla lögð á að allar framkvæmdir falli vel að umhverfinu og þannig reynt að hafa sem minnst áhrif á náttúru svæðisins.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og telur hana vera vel framsetta og greinargóða.

Forsendur

Í greinargerð kemur fram að fjöldi ferðamanna hefur aukist í sveitarfélagini undanfarin ár og því mikilvægt að byggja upp innviði og þjónustu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar að hver áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunar, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningarstaða og umfang göngustíga.

Innkeyrslur, vegir og lagnir

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjölda innkeyrsla inn á skipulagssvæðið og aðliggjandi svæðum verði haldið í lágmarki og farið verði eftir veghönnunarreglum Vegagerðarinnar. Einnig er það mat Umhverfisstofnunar að mikilvægt sé að allar lagnir liggi meðfram vegum eins og kostur er til að forðast frekara rask.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að skipulagssvæðið liggur að svæði sem er á náttúruminjaskrá og nefnist Hindisvík og er númer 402 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst sem fjölbreytilegt strandlandslag og eitt mesta selalátur á Norðurlandi. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillöggunni og hver áhrif tillögunar verða á náttúruminjarnar.

Búsvæði sela

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að selir eru skráðir á Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018). Þar er landselur flokkaður sem tegund í bráðri hættu og útselur flokkaður sem tegund í hættu. Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að selaskoðunarstaðir séu hannaðir með þeim hætti að þeir hafi sem minnst áhrif á búsvæði selanna og truflun sé heldið í algjöru lágmarki.

Byggingar falla vel að umhverfi

Umhverfisstofnunar tekur undir að mikilvægt er allar byggingar falli vel að umhverfinu. Einig bendir stofnunin á umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu en þar segi: „*Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingarárfi og landslagi.*“

Gönguleið

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins liggur gönguleið í gegnum skipulagssvæðið sem tillagan nær til. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í greinargerð og á uppdrætti hvernig hringleiðin í tillöggunni samrýmist gönguleið í gildandi aðalskipulagi. Einig er það mat Umhverfisstofnunar að það sé mikilvægt að það komi fram hver áhrif tillögunar verða á Hindisvík sem er svæði á náttúruminjaskrá líkt og fjallað er um að ofan, þar sem að gert er ráð fyrir að svæðin tengist saman með gönguleið.

Lög um náttúruvernd

Umhverfisstofnun telur að göngustígur sem liggur að Hrafnsvík, meðfram Tjarnarbrík og um Flatanesi sé á votlendissvæði og falli undir a.lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um sérstaka vernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Þetta kemur ekki fram í tillöggunni. Þá er þar ekki fjallað um aðra mögulega valkosti við val á svæði fyrir göngustíg eða ástæður þess að umrætt svæði varð fyrir valinu.


Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn

ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laganna auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
Sérfræðingur



Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur